

## Kandídatar taka til máls

Á Íslandi er menntun lækna með þeim hætti að eftir 6 ára háskólanám ljúka nýútskrifaðir læknar eins árs starfsnámi til þess að fá lækningaleyfi. Þetta starfsnám fer fram á stofnunum sem uppfylla kröfur íslenskra laga um menntun lækna. Undanfarin ár hefur meirihluti hvers árgangs læknakandídata lokið starfsnámi sínu á Landspítalanum. Ef fram fer sem horfir verður starfsnám kandídata ekki með þessum hætti í ár. Eins og nú þegar hefur óljóst komið fram í fjölmiðlum hefur útskriftarárgangur læknakandídata 2013 lýst því yfir við stjórn Landspítalans að þeir treysti sér ekki til að hefja störf á Landspítalanum við þann aðbúnað og launakjör sem boðið er upp á.

Ástæða þessa er margþætt. Í fyrsta lagi hefur verið misbrestur á því að kjarasamningar við almenna lækna og læknakandídata séu virtir á Landspítala. Lögverndaður hvíldartími er skertur, yfirvinna og veikindadagar hafa ekki verið greiddir. Í öðru lagi er aðbúnaður í starfi með þeim hætti að aðlögun, kennsla og handleiðsla verður gjarnan útundan vegna sífelldrar undirmönnunar og annríkis almennra lækna og sérfræðinga. Í þriðja lagi hafa kandídatar og almennir læknar dregist mjög aftur úr í launaþróun háskólastétta með sambærilega háskólamenntun, á sama tíma og álag á spítalanum hefur aukist gífurlega samfara sífelldum niðurskurði og efnahagsþrenginum.

Kandídatar skrifa undir ráðningarsamning við Landspítalann og vinna í starfsnámi sínu sambærileg störf og almennir læknar. Þeir taka vaktir á öllum tímum sólarhrings, eru oft og tíðum ekki með nægan stuðning við að sinna fjölmönnum teymum sjúklinga á legudeildum og á þeim hvílir mikil ábyrgð. Stundum er álagið svo mikið að kaffitími, matartími eða jafnvel salernisferðir eru sjaldséður munaður. Þessu til stuðnings má nefna að kandídatar hafa í mörg ár verið ein óánægðasta stéttin á Landspítala, skv. Starfsumhverfiskönnunum spítalans. Meirihluti kandídata var með líkamleg og andleg streitueinkenni og fannst þeir ekki geta sinnt störfum sínum innan vinnutíma sem skyldi. Þær úrbætur sem kandídatar óska eftir eru í því fólgnar að kjarasamningar verði virtir, að kandídatar fái launaða aðlögun í starfi, að námstækifæri verði tryggð, og að komið verði til móts við kandídata með þóknun fyrir fasta yfirvinnu og álag á undirmönnuðum spítala.

Þetta teljum við að muni leiða til þess að starfsánægja og framleiðni í starfi muni aukast, að öryggi sjúklinga verði meira og að e.t.v. muni kandídatar geta hugsað sér að halda áfram sínu sérnámi innan veggja Landspítalans sem almennir læknar.

Það hryggir okkur að sjá ummæli forstjóra Landspítalans, Björns Zoega, í Fréttablaðinu sl. mánudag. Þar lætur hann í veðri vaka að kandídatar séu ekki starfsmenn Landspítalans og standi ekki jafnfætis starfsmönnum í því að leita réttar síns gagnvart spítalanum sem vinnuveitanda og að Landspítalinn geti vel starfað án kandídata.

Kandídatar eru hópur metnaðarfulls og velmenntaðs fólks sem vill fá góða kennslu og þjálfun í starfi á kandídatarárinu og sætta sig ekki lengur við að vinna launalaust. Það er óhætt að segja að framkoma og skortur á samstarfsvilja

Landspítala hefur haft þær afleiðingar að þorri hópsins er farinn að íhuga að ljúka kandídatsári sínu annars staðar en á Landspítala.